



Framkvæmda- fréttir 12. tbl. /06




Oileain Arann (Sæfari) kemur í höfn í Hafnarfirði laugardaginn 15. apríl.

Nýjar ferjur

Í dymbilvikunni kom tvö skip til landsins sem munu framvegis þjóna á ferjuleiðum. Sæferðir í Stykkishólmi komu með nýjan Baldur sem nú siglir á ferjuleiðinni yfir Breiðafjörð. Baldur kom við í Þorlákshöfn þar sem hann var mátaður við ferjubryggjuna en mögulega verður hann fenginn til að leysa af Herjólf í Vestmannaeyjasiglingum þegar Herjólfur fer í slipp.

Frá Írlandi kom skipið Oileain Arann sem í október mun sigla til Grímseyjar sem Sæfari. Skipið fer nú í endurnýjun hjá Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf. í Hafnarfirði.

Meðal annars verður bætt við vörurými og perustefni sett á skipið.



Sæfari eins og hann mun líta út eftir breytingar.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 12. tbl. 14. árg. nr. 433 24. apríl 2006

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Vestfjarðavegur (60), Bjarkalundur - Eyri

Úrskurður Skipulagsstofnunar kærður

Í lok febrúar sl. sendi Skipulagsstofnun frá sér úrskurð vegna mats á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar og Eyra í Reykhólahreppi. Í matsskýrslu hafði Vegagerðin metið þrjár leiðir B, C og D en sjálf valið leið B sem þá heppilegustu. Hún er talin vegtæknilega besti kosturinn, hún liggur öll um láglendi og styttr núverandi veg um 6,25 km. Leið D liggur hins vegar um Ódrjúgsháls og Hjallaháls, brattan fjallveg sem fer upp í 336 m y.s.

Úrskurður Skipulagsstofnunar fól í sér að leiðum B og C er hafnað en fallist er á leið D með skilyrðum. Helstu rök gegn leið B telur Skipulagsstofnun vera umtalsverð umhverfisáhrif sem vegagerð um Teigsskóg hefði í för með sér. Úrskurðinn má sjá í heild á heimasíðu Skipulagsstofnunar, skipulag.is, undir „Mat á umhverfisáhrifum“ í hliðarvalmynd.

Vegagerðin hefur nú kært þennan úrskurð til umhverfisráðherra. Í rökstuðningi er m.a. bent á að leið B sé talin örugg-



ari fyrir umferð en leið D og með tilliti til þess séu ekki fyrir hendi nægar ástæður til að hafna henni. Þessu til áréttingar hefur Vegagerðin nú fengið verkfræðistofuna Línuhönnun til að reikna umferðaröryggi beggja kostanna og verða þeir útreikningar lagðir fram sem ítarefni með kærinni.



Vestfjarðavegur (60) í Djúpafirði við Ódrjúgsháls.

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), Þorlákshafnarvegur – Hafravatnsvegur, hönnun, fyrri opnun 06-036

Tilboð opnuð 11. apríl 2006. Forhönnun á breikkun Hringvegur (1) á eftirfarandi köflum:

- frá Þorlákshafnarvegi í Hveragerði að Hamragilsvegi, um 14,8 km
- frá Litlu kaffistofunni að Hafravatnsvegi í Reykjavík, um 11,4 km

Einnig verkhönnun fyrsta áfanga verksins sem er breikkun Hringvegur (1):

- frá klifurrein efst í Kömbum að Hamragilsvegi, um 6,8 km.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnismats og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Verkhönnun skal lokið fyrir 19. desember 2006.

Síðari opunarfundur verður þriðjudaginn 25. apríl 2006 kl. 14:15 þar sem birtar verða einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

Bjóðendum er raðað eftir stafrófsröð.

Bjóðandi

Fjölhönnun ehf., Reykjavík
 Hönnun, Reykjavík
 Línuhönnun ehf., Reykjavík
 VSÓ ráðgjöf, Reykjavík
 VST, Reykjavík

Efnisvinnsla

Norðaustursvæði 2006 06-008

Vegna villu í tilboðsskrá var ákveðið að taka á móti tilboðum en opna þau ekki. Tilboðin verða endursend, óopnuð til bjóðenda með nýrri tilboðsskrá um leið og hún er tilbúin. Ekki verður tekið við tilboðum frá öðrum en þeim sem lögðu inn tilboð á upphaflega tilsettum tíma.

Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði, 2006-2008 06-041

Tilboð opnuð 11. apríl 2006. Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og á Hringvegi (1) að Selfossi, 2006-2008.

Helstu magntölur eru:

Sprautuplast, akreinalínur	550.000 m
Sprautuplast, markalínur	450.000 m
Formerkingar	250.000 m
Massaðar örvar	3.600 m ²
Massaðar stakar merkingar	3.300 m ²
Massaðar akreina- og markalínur	15.000 m ²
Massaðir biðskulduprírhningar	2.200 stk.

Verki skal að fullu lokið 1. september 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Vegamál ehf., Reykjavík	156.141.700	106,8	14.152
2	Vegmerking ehf., Reykjavík	154.104.800	105,4	12.115
---	Áætlaður verktakakostnaður	146.141.110	100,0	4.151
1	Monstro ehf., Kópavogi	141.990.000	97,2	0

Auglýsingar útboða

Þykkvabæjarvegur (25) og Árbæjarvegur (271) 06-049

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í nýbyggingu Þykkvabæjar- og Árbæjarvegur. Um að ræða 0,7 km nýbyggingu við Þykkvabæ og um 1,2 km styrkingu á Árbæjarvegi, ásamt klæðingu í báðum tilvikum.

Helstu magntölur eru:

Skering	6.440 m ³
Fylling	4.920 m ³
Fláafleygar	910 m ³
Neðra burðarlag	8.145 m ³
Efra burðarlag	1.860 m ³
Tvöföld klæðing	14.390 m ²
Ræsalögn	42 m
Skurðir	660 m
Girðingar	1.830 m

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2006.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 24. apríl 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 krónur.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 9. maí 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
06-048 Vestfjarðavegur (60) í Kollafirði	06
06-040 Vetrarþjónusta, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri, 2006-2009	06
06-037 Vetrarþjónusta, Brú - Blönduós 2006-2009	06
06-033 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2006-2007, vesturhluti	06
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	06
06-030 Útnesvegur (574), Háahraun - Hella	06
06-029 Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur	06
06-027 Snæfellsnesvegur (54) um Hítará	06
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvvegur	06
06-026 Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir	06
06-024 Djúpvvegur (61), Reykjanes - Hörtná	06
06-025 Hólavegur (767), Hólar - Hólalax	06
06-023 Auðkúluvegur (726) og Blöndudalsvegur (733)	06
06-022 Uxahryggjavegur (52) um Tröllháls	06
06-032 Yfirlagnir Norðvestursvæði, malbik, Hvalfjarðargöng - Borgarnes	06
06-034 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2006-2007, norðurhluti	06
06-020 Heggstaðanesvegur (702) og Þingeyravegur (721)	06
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	06
06-018 Víðidalsvegur (715), Hrappsstaðavegur - Dæli	06
06-019 Melasveitarvegur (505) um Súlnes	06
06-016 Þverárfjallsvegur (744), Skagavegur - Sauðárkrókur	06
06-015 Ferjubakkavegur (530) um Gufa	06
06-014 Snæfellsnesvegur (54) um Gríshólsá	06
06-011 Vetrarþjónusta Norðaustursvæði	06
06-010 Mölburður og styrkingar Norðaustursvæði	06
06-003 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	06
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	06
06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá	06
06-006 Upphéraðsvegur (931), Setberg - Ormarsstaðá	06
06-007 Dettifossvvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	06
05-047 Hringvegur (1), Arnórstaðamúli	06
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna	06
05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	06
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	06
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
06-049 Þykkvabæjarvegur (25) og Árbæjarvegur (271)	24.04.06 09.05.06
06-047 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2006, norðurhluti	24.04.06 09.05.06
06-044 Vetrarþjónusta, Mýrar og Norðurárdalur 2006-2009	10.04.06 02.05.06

Auglýst útboð, frh.	Auglýst: Opnað:
06-043 Vetrarþjónusta, Brattabrekka 2006-2009	10.04.06 02.05.06
06-009 Yfirlagnir Norðaustursvæði, austurhluti	10.04.06 25.04.06
06-013 Hvanneyrarvegur (511), hringtorg	03.04.06 25.04.06
06-045 Niðurrekstrarstaurar á Norðvestursvæði 2006	03.04.06 25.04.06
04-006 Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði	20.03.06 25.04.06

Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
06-008 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2006	03.04.06 18.04.06
06-041 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði 2006-2008	27.03.06 11.04.06
06-036 Hringvegur (1), Þorlákshafnarvegur - Hafravatnsvegur, hönnun	13.03.06 11.04.06
06-039 Yfirborðsmerkingar með sprautuplasti á Suðursvæði og Norðaustursvæði 2006-2008	13.03.06 28.03.06
05-072 Héðinsfjarðargöng, eftirlit	30.01.06 28.03.06
05-035 Héðinsfjarðargöng	10.10.05 21.03.06
05-064 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit	20.02.06 07.03.06
05-066 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut	13.02.06 07.03.06
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirlit	09.01.06 31.01.06

Samningum lokið	Opnað: Samið:
06-038 Skálavegur (246), Hringvegur - Núpar Framrás ehf.	28.03.06 10.04.06
05-050 Norðausturvegur (85) um Laxá hjá Laxamyri, vegtenging Arni Helgason ehf.	14.03.06 19.04.06

Breyting á útboði
06-021 Vestfjarðavegur í Þorskafirði Útboðið var fellt niður. Í staðinn kemur inn 06-048

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2006, norðurhluti 06-047

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á norðurhluta Norðaustursvæðis (frá Öxnadalsheiði að Þórshöfn). Um er að ræða yfirlagnir og viðgerðir með klæðingu.

Helstu magntölur eru:

Yfirlagnir	390.000 m ²
Flutningur steinefnis	7.100 m ³
Flutningur bindiefnis	655 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. september 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 24. apríl 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 9. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.